

Reykjavík 3. desember 2020

362. mál, lagafrumvarp.

**Greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar á tímum kórónuveirufaraldurs.**

**Sendandi; Bandalag íslenskra skáta**

**Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri**

Nýlega var kynnt til sögunnar stjórnarfrumvarp frá félags- og barnamálaráðherra um greiðslur til íþróttafélaga á tímum kórónaveirufaraldurs. Bandalag íslenskra skáta (BÍS) fangar þessu frumvarpi en gerir alvarlegar athugasemdir við að æskulýðsfélög skuli ekki vera inn í frumvarpinu. Íþrótt- og æskulýðsfélög koma að tómsendum barna og gegna þar mikilvægu hlutverki. Þessir aðilar starfa eftir lögum settum af alþingi er tryggja börnum gæðastarf. Með því að styðja ekki við æskulýðsstarf með sama hætti og íþróttastarf er fyrst og fremst verið að mismuna börnum sem að er örugglega ekki ætlunin með svona frumvarpi.

Frá því í haust hefur almennt skátastarf legið að mestu niðri vegna samkomubanns og samkomutakmarkana. Skátafélög hafa reynt að halda úti skátastarfi eftir fremsta megni og þá alltaf í takt við ákvörðun stjórnvalda. Gripið hefur verið til þess að bjóða upp á óhefðbundna fundi á netinu og einnig hafa verið búin til verkefni sem börnin geta unnið með foreldrum sínum. Þetta kemur aldrei í staðinn fyrir almenna skátafundi þar sem börnin hitta hvort annað og skátaforingjann sinn. Foreldrar sem hafa borgað fyrir skátastarf á haustönn hafa fengið lítið fyrir sinn snúð þetta haustið og þar sem samkomutakmarkanir tóku gildi snemma hausts átti stór hluti foreldra eftir að greiða þátttökugjöld barna. Lögð hefur verið áhersla á að börn geti haldið áfram að stunda sínar tómsundur eftir samkomutakmarkanir og ætla skátar að tryggja öllum sínum félögum öflugum og góða dagskrá eftir áramótin. Flestir sem koma að starfi með skátum vinna störf sín sem sjálfbóðaliðar en það kemur þó ekki í veg fyrir að einhverjir launaðir starfsmenn sinni störfum hjá skátafélögum. Þessir starfsmenn eru afar mikilvægir þegar kemur að samskiptum við foreldra, undirbúning skátafunda og rekstur skátafélaga.

BÍS hvetur barnamálaráðherra til að endurskoða frumvarpið og lagfæra þannig að börnum sé ekki mismunað með þessum hætti. Það á ekki að skipta máli hvort barn stundi íþróttir eða sæki æskulýðsstarf.

f.h. Bandalag íslenskra skáta

Kristinn Ólafsson

Framkvæmdastjóri

[kristinn@skatar.is](mailto:kristinn@skatar.is)

8964436